

Nd.

104. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson og Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi, svo sem við verksmiðjur, verslanir, byggingar, ístöku og útgerð og ennfremur við fermingu og af-fermingu skipa og báta, skal greitt út verkkaupið að minsta kosti vikulega, enda sje það ekki með samningi ráðið fast starfsfólk.

Ákvæði þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

2. gr.

Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 1. gr. fyrstu málsgrein, í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt út að minsta kosti vikulega, ef verkinu, sem kauptaxtinn eða umsamið verkkaup miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sje ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Viðá um land tíðkast það enn þann dag í dag, að verkkaup fyrir venjulega daglaunavinnu sje ekki gert upp nje greitt verkafólkinu fyr en eftir langan tíma. Lög nr. 4 frá 1902 voru samþykkt í þeim tilgangi, að verkkaup skyldi ávalt fást greitt í peningum og ekki skyldi komið við skuldajöfnuði, nema sjerstaklega væri un-samið, en þau lög hafa ekki komið að fullum notum, fyrst og fremst vegna þess, að ekki hefir jafnframt verið lögákveðið, að verkkaupið skuli greitt þeim, sem unnið hefir, innan tiltekins tíma. Það er lífsnauðsyn fyrir daglaunamenn, sem flestir eru fátækir og hafa mikinn hluta tekna sinna af ýmiskonar lausavinnu, að fá kaupgjald sitt reglulega greitt. Það hefir og ekki sjaldan borið við, að verkafólk við sjávarsíðuna fái alls ekki kaup sitt greitt, þegar atvinnan gengur þar illa. Auðveldasta lausnin á því máli, að tryggja greiðslu vinnulauna, er að ákveða, að greiðslan fari fram nokkurnveginn jafnóðum og verkin eru unnin, eða vikulega, svo að sem minst upphæð vinnulauna sje ógreidd á hverjum tíma. Virðist og engin saungirni í því, að verkafólk skuli þurfa að gefa atvinnurek-endum langan gjaldfrest á vinnulaununum.

Um 1. gr.

Hjer er átt við hverskonar venjulega daglaunavinnu í landi, auk upp- og útskipunar. Þó er sveitavinnan tekin undan, þar sem hún virðist nokkurs annars eðlis, þegar verkafólkið fær húsnæði og fæði, eins og venjulegast er, á meðan á henni stendur, því að þá er ekki sama þörfin á að fá greiðslu kaupsins jafnóðum vikulega eins og þegar menn þurfa sjálfir að kosta sig að öllu leyti.

Um 2. gr.

Algengt er, að verkafólk vinni í ákvæðisvinnu við fiskþvott, sildarsöltun o. fl., en venjulega er hægt að gera upp reikningana yfir vinnulaunin jafnóðum, sje t. d. kauptaxtinn miðaður við tunnufjölda eða hundruð fiskjar, og er því samskonar ákvæði um vikulegar greiðslur sett hjer. Standi verkið aftur á móli lengri tíma, þykir rjett að tiltaka að greiðsla skuli fram fara undir eins og verkinu er lokið, nema sjerstakir samningar sjeu um, að eitthvað af andvirðinu greiðist fyrir fram, jafnóðum eða tilteknum tíma eftir á.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringar.